

# Starfsleyf.

Betra Bros ehf.

Kt: 460598 - 3899

Leyfi til að starfrækja: Tannlæknastofu  
Aðsetur starfsemi: Hlíðasmári 14, Kópavogur

Heilbrigðisnefnd veitir leyfi samkvæmt ákvæðum 4. gr. a og 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

**Leyfið gildir frá 25. apríl 2016 til 24. apríl 2028**

## Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs tannlæknastofu sbr. ákvæði XI. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun með síðari breytingum, og fylgiskjal 2 sömu reglugerðar, lið 3.15 um tannlæknastofur og lið 3.6 um starfsemi er snertir framköllun á röntgenmyndum.

## Almennar kröfur

Við rekstur ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í IV. kafla um húsnæði og lóðir í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, og III. kafla reglugerðar um úrgang nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um að draga skuli úr myndun úrgangs, meðhöndlun og geymslu hans og þrifnað lóða og viðauka um meðferð á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnun sömu reglugerðar.

## Amalgamskiljur, amalgam og önnur spilliefni

Ábyrgð starfsleyfishafa. Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir því að amalgamskilju af tegund sem viðurkennd hefur verið af Umhverfisstofnun og af rétti stærð sé komið fyrir við afrennsli frá tannlæknastólum. Leyfishafi er einnig ábyrgur fyrir því að búnaðurinn, uppsetning á honum og allur frágangur sé í samræmi við staðla; IST EN ISO 11143:1999 *Dental equipment, Amalgam separators* og IST:68 frá 1975 *staðall um fráveitulagnir innanhúss*.

Staðfesting innflytjenda búnaðar. Ef amalgamskilja er staðsett fjær stól en sem nemur einum metra eða skiljan þjónar fleiri en einum stól skal starfsleyfishafi hafa undir höndum, og framvísa heilbrigðiseftirliti ef óskað er, staðfestingu innflytjenda og/eða þjónustuaðila um að skiljutegund, lagnaefni og frágangur sé í samræmi við ofanskráða staðla.

Tæming á amalgamskiljum. Tæma skal eða skipta um amalgamskiljur á þann hátt sem framleiðandi mælir fyrir um og ekki sjaldnar en a.m.k. annað hvert ár. Óski leyfishafi eftir annarri tilhögun getur hann sótt um undanþágu til heilbrigðisnefndar. Starfsleyfishafi ber ábyrgð á að gögn vegna tæminga eða skiptinga á skiljum séu varðveitt og séu aðgengileg í eftirliti. Í gögnum skal m.a. koma fram hver annaðist framkvæmdina, hvenær hún var framkvæmd, magn í síu ef það er gerlegt en annars raðnúmer eða merkingar á búnaði. Leyfishafa ber einnig að fá og varðveita móttökukvittanir frá viðurkenndri spilliefnamóttöku þar sem fram kemur magn amalgams og skulu þær liggja fyrir aldrei síðar en einu ári eftir skipti.

Teikningar af lögnum. Ef mengunarvarnabúnaður á fráveitu er staðsettur utan tannlæknastofu eða í rými sem er sameiginlegt fleiri aðilum þurfa lagnateikningar að samþykkjast af byggingafulltrúa.

*Amalgam í lögnum.* Ef rekstri tannlæknastofu er hætt, eða hætt er að nota lagnir undir amalgam mengað vatn, er leyfishafi ábyrgur fyrir því að lagnir séu hreinsaðar á viðurkenndan hátt og í samráði við heilbrigðiseftirlitið eða allar lagnir fjarlægðar að næstu falllögn og þeim komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

*Skil á spilliefnum.* Öllum spilliefnum, s.s. amalgami og amalgammenguðum búnaði, framköllunarvökum, nálum og lyfjaleifum, skal skilað til viðurkenndra móttökustöðva fyrir spilliefni á kennitölu stofunnar eða rekstraraðila.

### **Loftpressur og sogdælur**

Viðhald loftpressa og sogbúnaðar skal vera í samræmi við kröfur framleiðenda. Loftinntak fyrir pressu skal vera staðsett utandyra á stað þar sem ekki er hætt á að mengað loft berist til hennar. Útblástur frá sogmótor skal vera utandyra og þannig frá gengið að ekki sé hætt á að valdi fólk eða starfsemi skaða eða óþægindum.

### **Innra eftirlit**

Innra eftirlit skal starfrækt við reksturinn. Skal það með vísun til 11. gr. reglugerðar nr. 941/2002 taka til hreinlætisáætlunar, skráningu á óhöppum, slysum og viðeigandi úrbótum ásamt skráningu á viðhaldi tækja og búnaðar eftir því sem við á.

### **Eftirlit**

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum XVI. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofngreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstaraðili við starfseminni ei heimilt að fenginni umsókn, að fáera starfsleyfið á nýjan rekstaraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfi ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd eða skaðleg áhrif sem ekki voru ljós fyrir.

Starfsleyfið skal hanga á áberandi stað.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis  
Garðabær, 9. september 2016

